



Félagsráðgjafafélag Íslands

The Icelandic Association of Social Workers

SKÝRSLA STJÓRNAR

Starfsárið 2023-2024

Steinunn Bergmann, formaður
Anna Guðrún Halldórsdóttir, varaformaður
Hafdís Gerður Gísladóttir, gjaldkeri
Sigurlaug Hrefna Traustadóttir, ritari
Arndís Tómasdóttir, meðstjórnandi
Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, meðstjórnandi
Kristín Þórðardóttir, meðstjórnandi

Efnisyfirlit

1. Almennt um Félagsráðgjafafélag Íslands	3
<i>Fjöldi félagsfólks 2023.....</i>	3
<i>Starfsfólk Félagsráðgjafafélags Íslands.....</i>	3
<i>Áherslur stjórnar 2023-2024</i>	3
<i>Starf fagdeilda og landshlutadeilda FÍ starfsárið 2023-2024</i>	4
<i>Starf nefnda FÍ starfsárið 2023-2024</i>	4
<i>Starf aðgerðahóps FÍ starfsárið 2023-2024</i>	5
2. Fundir og móttökur	5
<i>Fundir stjórnar</i>	5
<i>Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands 2023.....</i>	5
<i>Móttaka félagsráðgjafanema og samstarf við Félagsráðgjafardeild HÍ</i>	5
<i>Boð fyrir félagsráðgjafa á eftirlaunum.....</i>	5
3. Kjara- og vinnumarkaðsmál.....	6
<i>Kjaraviðræður.....</i>	6
<i>Starfsmat og stofnanasamningar</i>	6
<i>Vinnumarkaðsmál</i>	6
4. Tímarit félagsráðgjafa.....	7
5. Fagpólitíkin	7
<i>Umsagnir um þingmál og frumvörp</i>	7
<i>Ályktanir og umsagnir um skýrslur og stefnumál</i>	9
<i>Fundir með ráðherrum, fulltrúum ráðuneyta og stjórnendum í velferðarþjónustu</i>	10
6. Erlent samstarf.....	10
<i>NSSK (Nordisk sacionomers samarbets kommité)</i>	10
<i>IFSW (International Federation of Social Workers) og IFSW Europe.....</i>	10
<i>Samstarf við samtök félagsráðgjafa í Suður Kóreu</i>	10
7. Fræðsla og ráðstefnur	11
<i>Félagsráðgjafabing 2024</i>	11
<i>Málþing.....</i>	11
<i>Morgunverðarfundir</i>	12
<i>Málstofur, fundir, námskeið og ýmsir viðburðir</i>	13
<i>Viðburðir í tengslum við 60 ára afmæli FÍ</i>	14
<i>Samstarf við Endurmenntun HÍ.....</i>	14
8. Tillögur og áætlanir um störf félagsins 2024-2025	14

1. Almennt um Félagsráðgjafafélag Íslands

Fjöldi félagsfólks 2023

Alls voru **607** félagar í FÍ við lok árs 2023 og voru konur í miklum meirihluta eða 571 og 36 karlar (5,9%). Félagsráðgjafar með stéttarfélagsaðild voru 581 og með fagaðild voru 26.

Starfsfólk Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann formaður í 100% starfi, Eldey Huld Jónsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfi til 1. maí 2023 og Sveindís Anna Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfi frá 1. maí 2023.

Áherslur stjórnar 2023-2024

Kjarasamningar voru lausir 31. mars 2023 og voru kjaraviðræður í forgrunni á tímabilinu. Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar 60 ára afmæli á árinu 2024 og ákvað stjórn að ráðast í gerð heimildarmyndar um 60 ára sögu félagsins og hófst undirbúningur í júní 2023. Stjórnarfundir voru bæði rafrænir og á staðnum, sama á við um viðræður vegna stofnanasamninga og annarra kjaramála, fundir með félagsfólki og fræðsla sem og samstarf við BHM, önnur aðildarfélög og Félagsráðgjafardeild HÍ. Starfsfólk félagsins vann að stórum hluta að heiman vegna loftgæða í húsnæði félagsins að Borgartúni 6 þar til félagið flutti starfsemina í leigunúsnæði að Borgartúni 27 ásamt níu öðrum stéttarfélögum. Skýrsla stjórnar gefur yfirlit yfir störf félagsins en hér eru helstu verkefni dregin fram:

Stéttarfélagið. Kjarasamningar voru undirritaðir í apríl, maí og júní 2023 með gildistíma til 31. mars 2024, á tímabilinu var unnið samkvæmt Verkáætlun á vettvangi heildarsamtaka (BHM, BSRB og KÍ) auk Verkáætlunar í samstarfi við nokkur félög innan BHM. Jafnframt hefur verið unnið að undirbúningi kjaraviðræðna þar sem samningar giltu til eins árs. Áfram hefur verið unnið að útfærslu bókunar 15 og bókunar 8 í kjarasamningum FÍ við Reykjavíkurborg annars vegar og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar, með það að markmiði að bregðast við breytingum á starfsumhverfi félagsráðgjafa, skilgreina og þróa viðmiðunarmörk fyrir umfang í störfum félagsráðgjafa til að tryggja gæði þjónustunnar. Starfsmat hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum er viðvarandi verkefni þar sem ný störf koma til eða eldri störf endurmetin en meðal annars var gerð breyting á einum lið í hugrænum færni vegna jöfnunar launa skv. 7. gr. í samkomulagi frá árinu 2016 vegna breytinga á lífeyrisréttindum. Á starfsárinu var undirritaður endurnýjaður stofnanasamningur við Landspítala háskólasjúkrahús og Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðis vegna útfærslu á ofangreindri 7. gr. og nýr stofnanasamningur við Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Þá leituðu félagsmenn eftir liðsinni varðandi ýmiss mál.

Sýnileiki félagsráðgjafar. Áfram hefur verið lögð áhersla á umsagnir um þingmál og frumvörp auk funda með ráðherrum og stjórnendum í velferðarþjónustu. Fagdeild fjölmenningsfélagsráðgjafa hélt málþing í nóvember 2023 í samstarfi við Félagsráðgjafafélag Íslands. Félagið var síðan með aðventufund í tengslum við alþjóða mannréttindadaginn 10. desember í samstarfi við fagdeild félagsráðgjafa í heilbrigðisþjónustu. Yfirskrift fundarins var *Mannréttindi fyrir öll*. Félagsráðgjafabingið hefur verið árviss viðburður á vegum félagsins frá árinu 2014 og lögð áhersla á að auglýsa það í fjölmiðlum til að auka sýnleika félagsins. Leitað hefur verið til almannatengslafyrirtækis sem hefur skilað nokkrum viðtölum dagana í kringum þingið. Alþjóðadagur félagsráðgjafar er einnig mikilvægur vettvangur til að auka sýnleika félagsráðgjafar.

Félagssráðgjafabing. Félagssráðgjafabing 2024 var haldið 23. febrúar 2024 og sem fyrr í samstarfi við Félagssráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins var *Félagssráðgjöf og farsæld í 60 ár* og var dagskráin fjölbreytt sem fyrr. Að þessu sinni var 60 ára afmæli félagsins í forgrunni auk þess að líta til framtíðar og eftir hádegishlé voru 18 málstofur með fjölbreyttum erindum, sjá nánar umfjöllun um þingið á bls. 12.

Alþjóðadagur félagssráðgjafar. Í tilefni af Alþjóðadegi félagssráðgjafar 23. mars 2024 var efnt til málþings 15. mars undir yfirskriftinni Græn félagssráðgjöf auk þess sem formaður birti grein á visir.is 23. mars. Leitað var til aðgerðahóps FÍ við undirbúning málþingsins. Þema Alþjóðadags félagssráðgjafar 2024 er “*Buen Vivir: Shared Future for Transformative Change*” eða **Gott líf**: Sameiginleg framtíð fyrir gagngerar breytingar (þýðing SB).

Efling starfs fagdeilda og aukin áhersla á fræðslu á vegum FÍ. Stjórn fundaði með fagdeildum í október 2023 þar sem farið var yfir starfsemi fagdeildanna og fræðsluáætlun FÍ. Eins og fram hefur komið var haldið málþing í nóvember 2023 í samstarfi við fagdeild í fjölmenningu. Leitað var til fagdeildar í heilbrigðisþjónustu vegna undirbúnings aðventufundar félagsins í tengslum við alþjóða mannréttindadaginn og aðgerðahóps vegna alþjóðadags félagssráðgjafar. Auk þess var Siðanefnd með vinnusmiðju í október 2023 og FÍ með viðburði í tengslum við fæðingardag Ólafíu Jóhannsdóttur 22.10 og Kvinnaverkfall 24.10.

FÍ hefur stutt við innleiðingu Signs of Safety innan barnaverndar í samstarfi við Barnaverndarstofu, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagssráðgjafardeild Háskóla Íslands til að efla félagssráðgjöf innan barnaverndar. Innleiðingin hefur verið á bið þar sem innleiðing Farsældar hefur verið í forgrunni en í Framkvæmdaráætlun á sviði barnaverndar til ársins 2026 eru áform um að endurvekja verkefnið.

Starf fagdeilda og landshlutadeilda FÍ starfsárið 2023-2024

Fagdeildirnar eru mjög mikilvægar í öllu starfi félagsins. Markmiðið er að fagdeildir standi árlega fyrir fræðsluviðburði/um og haldi erindi á Félagssráðgjafabingi. Einnig eru fagdeildirnar flestar með Facebook hóp til að halda utan um starf sinnar deildar, kynna viðfangsefni hennar fyrir félagsfólki og efla umræðu á viðkomandi málsviði. Fagdeildir geta fengið aðstoð frá skrifstofu við að undirbúa fræðslufundi og sækja um styrk til Starfsþróunarseturs vegna þeirra.

Innan félagsins starfa 12 fagdeildir og voru þær flestar með málstofu á Félagssráðgjafabingi. Ein fagdeild hélt málþing í nóvember í samstarfi við félagið eins og áður hefur komið fram, fagdeild fjölmenningarfélagssráðgjafa. Auk þess kom fagdeild í heilbrigðisþjónustu að undirbúningi aðventufundar FÍ. Sjá nánar umfjöllun um málþing og morgunverðarfundi á bls. 12.

Nokkrar fagdeildir hafa komið að gerð ályktana og umsagna á vegum félagsins auk eftirfylgni með þeim, svo sem með þátttöku á fundum og fjölmiðlaumfjöllun. Landshlutadeildirnar eru fimm; Suðurland, Norðurland, Austurland, Vesturland og Suðurnes. Nánari upplýsingar um störf fagdeilda og landshlutadeilda eru að finna í skýrslum þeirra sem fylgja aðalfundargögnum á vefsíðu félagsins.

Starf nefnda FÍ starfsárið 2023-2024

Í Félagssráðgjafafélagi Íslands eru tvær fastanefndir, siðanefnd og vísindanefnd. Siðanefnd stóð fyrir vinnusmiðju í umræðustofu á Félagssráðgjafabingi í febrúar 2024. Verkefni Vísindanefndar fólust í umsýslu með umsóknir og úthlutun styrkja úr B-hluta sjóðsins auk greiðslu A-hluta í

samstarfi við skrifstofu félagsins. Veittir voru þrjú styrkir úr B-hluta Vísindasjóðs. Í skýrslum nefndanna má sjá yfirlit yfir störf þeirra á starfsárinu.

Starf aðgerðahóps FÍ starfsárið 2023-2024

Aðgerðahópur var skipaður árið 2022 í samræmi við ákvörðun aðalfundar það ár en hópurinn hefur meðal annars það hlutverk að hvetja félagsráðgjafa til þess að láta til sín taka í samfélagsmálum. Fí leitaði til aðgerðahópsins vegna undirbúnings málpings í tengslum við Alþjóðadag félagsráðgjafa 23. mars 2024 en að þessu sinni voru skilaboð Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW): “**Buen Vivir: Shared Future for Transformative Change**” eða **Gott líf: Sameiginleg framtíð** fyrir gagngerar breytingar (þýðing SB).

2. Fundir og móttökur

Fundir stjórnar

Stjórn fundar að jafnaði mánaðarlega á miðvikudögum, tvo tíma í senn. Einnig hefur stjórn samskipti í gegnum síma og tölvupóst varðandi einstaka málefni. Haldnir voru ellefu stjórnarfundir á þessu starfsári sem voru almennt í húsnæði FÍ og rafrænir en í sumum tilvikum einungis rafrænir. Starfsdagur stjórnar var haldinn 6. september 2023.

Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands 2023

Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands var haldinn 27. apríl 2023 á Hótel Hilton Nordica og í fjarfundi. Alls tóku 13 félagsráðgjafar þátt í fundinum, 12 voru mættir á staðinn og einn í fjarfundi. Á fundinum voru skýrslur stjórnar og nefnda lagðar fram, ársreikningar félagsins kynntir auk fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar. Lagt var til að stéttarfélagsgjaldið yrði áfram 1,0% og fagfélagsgjald kr. 16.000,- á ári, sem var samþykkt. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum. Kosið var í þrjár stöður í stjórn félagsins. Þrjár stjórnarkonur gáfu kost á sér til endurkjörs og voru þær sjálfkjörnar.

Móttaka félagsráðgjafanema og samstarf við Félagsráðgjafardeild HÍ

Félagsráðgjafafélag Íslands leggur áherslu á tengsl við nemendur í félagsráðgjöf og kemur formaður inn í kennslu félagsráðgjafanema sem eru að útskrifast til að kynna félagið og starfsemi þess. Hefur þessi kynning á félaginu gefið góða raun og skila flestir nýútskrifaðir félagsráðgjafar sér inn í félagið að útskrift lokinni. Árlega býður Félagsráðgjafafélag Íslands útskriftarnemum úr Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands (HÍ) í móttöku þar sem þeir undirrita meðal annars eiðstaf félagsráðgjafa. Móttakan var haldin 23. júní 2023 í Borgartúni 6 þar sem stór hluti nema mættu ásamt kennurum deildar, starfsþjálfunarkennurum ásamt stjórn FÍ og tókst afar vel.

Félagsráðgjafapöng og fleiri fræðslufundir eru unnir í samstarfi félags og deildar auk þess sem starfsfólk FÍ og deildarforseti Félagsráðgjafardeildar HÍ eru í reglubundnu samstarfi.

Boð fyrir félagsráðgjafa á eftirlaunum

Félagið hélt boð fyrir félagsráðgjafa sem eru komnir á eftirlaun 18. desember 2023. Alls mættu 20 félagsráðgjafar sem kunnu vel að meta tækifærið til að hitta félagana og efla tengsl við félagið.

3. Kjara- og vinnumarkaðsmál

Kjaraviðræður

Kjarasamningar við ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélög og samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) voru undirritaðir á árinu 2023 og giltu í eitt ár eða til 31. mars 2024. Á tímabilinu var unnið að Verkáætlun á vettvangi heildarsamtaka launþega (BHM, BSRB og KÍ) við ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg. FÍ vann að Verkáætlun sem FÍ gerði samstarfi við nokkur félög innan BHM við sveitarfélög þar sem fundað var reglulega en ekki var fundað vegna Verkáætlunar sem sömu aðilar gerðu við Reykjavíkurborg fyrr en nokkrar vikur voru eftir af gildistíma kjarasamnings. FÍ gerði viðhorfskönnun meðal félagsfólks í september 2022 sem lagði grunn að kröfugerð félagsins 2023. Þar sem einungis var samið um launalið 2023 eru önnur mál í kröfugerð FÍ 2024 með litlum breytingum frá árinu áður. Mánaðarlegir fundir eru með trúnaðarmönnum sem gegna mikilvægu hlutverki sem bakhópur fyrir samninganefnd FÍ.

Undirbúningur vegna kjaraviðræðna ársins 2024 á vettvangi BHM hófst á haustmánuðum 2023 með yfirferð á því sem hefur áunnist í fyrri samningum og áherslupætti fyrir 2024. Ákveðið var að félögin myndu leiða sínar kjaraviðræður og eftir atvikum í samfloti við önnur félög. Kjaraviðræður á almennum markaði hófust í lok árs 2023 og var formanni BHM boðið að taka þátt í samtali um aðgerðir stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga. Formaður BHM leitaði eftir umboði til frekari viðræðna í byrjun árs 2024 og hafnaði meirihluti aðildarfélaga því, þar á meðal FÍ. Ríkið hefur fundað einu sinni með öllum formönnum aðildarfélaga BHM. FÍ er í samstarfi við 12 önnur stéttarfélög innan BHM í viðræðum við ríki og sjö félög í viðræðum við Samband Íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Starfsmat og stofnanasamningar

Starfsmat hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum er viðvarandi verkefni þar sem ný störf koma til eða eldri störf endurmetin en meðal annars var gerð breyting á einum lið í hugrænum færni vegna jöfnunar launa skv. 7. gr. í samkomulagi frá árinu 2016 vegna breytinga á lífeyrisréttindum. Á starfsárinu var undirritaður endurnýjaður stofnanasamningur við Landspítala háskólasjúkrahús og Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðis vegna útfærslu á ofangreindri 7. gr. og nýr stofnanasamningur við Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Fundað hefur verið með Barna- og fjölskyldustofnu vegna endurskoðunar á stofnanasamningi og óskað eftir samtali við Heilbrigðisstofnun Norðurlands um gerð stofnanasamnings.

Vinnumarkaðsmál

Sem fyrr eykst eftirspurn eftir félagsráðgjöfum stöðugt og reglulega berast félaginu beiðnir um að auglýsa störf félagsráðgjafa laus til umsóknar, einnig stjórnendastörf. Hvetur stjórn félagsráðgjafa til þess að sækja um stjórnendastöður þar sem félagsráðgjöf er megininntak starfs svo stéttin hverfi ekki úr stjórnun í félagsþjónustu og barnavernd. Margir nýta sér að auglýsa í gegnum félagið og eru auglýsingar sendar á póstlista félagsins og einnig birtar á Facebook síðu þess. Félagsmenn eru hvattir til þess að fylgjast með atvinnuauglýsingum og koma á framfæri við félagið svo hægt sé að deila þeim á Facebook síðu þess hafi vinnuveitandi ekki óskað eftir auglýsingu frá félaginu. Jafnframt eru félagsmenn hvattir til að halda vöku yfir stöðum þar sem auglýst er eftir ráðgjafa en ekki félagsráðgjafa þar sem félagsráðgjöf er meginverkefni starfs, svo félagið geti sent athugasemdir til vinnuveitandans. Talsvert er um að félagsmenn leiti til félagsins með margvísleg málefni er varðar túlkun á kjarasamningi og vinnuáðstæður auk annarra mála.

4. Tímarit félagsráðgjafa

Ritstjórn Tímarits félagsráðgjafa er skipuð tveimur ritstjórum, dr. Guðný Björk Eydal tók við sem ritstjóri ritrýndra greina á starfsárinu og Sveindís Anna Jóhannsdóttir sem ritstjóri annars efnis. Chien Tai Shill og Herdís Björnsdóttir félagsráðgjafar eru einnig í ritstjórn og Steinunn Bergmann, formaður FÍ er ábyrgðarmaður tímaritsins. Hefur ritstjórn lagt áherslu á að efla þátttöku félagsmanna í ritun þess með birtingu almennra greina, stuttra fréttar og greina af vettvangi félagsráðgjafa. Hefur gengið vel að fá inn efni í tímaritið eins og fyrri ár. Dregið hefur úr prentuðu upplagi tímaritsins sem er eftir sem áður aðgengilegt á vefsíðu þess: www.timaritfelagsradgjafa.is.

5. Fagpólitíkin

Umsagnir um þingmál og frumvörp

Stjórn FÍ leggur áherslu á að skrifa umsagnir um þingmál og frumvörp til laga sem félaginu berast. Umsagnarbeiðnir berast oft með mjög litlum fyrirvara og er markmiðið að búið sé að koma þeim í farveg innan þriggja daga þar sem oft á tíðum þarf að leita þekkingar út fyrir stjórn félagsins auk þess sem það er stefna stjórnar að virkja fleiri félagsráðgjafa á þessum fagpólitíska vettvangi. Leitar stjórn til fagdeilda eftir ritun umsagna og eftirfylgd þeirra á fundum málefnanefnda Alþingis ef málefnið snertir sérsvið þeirra. Einnig er kallað til félagsmanna vegna einstakra mála.

Umsagnir voru ritaðar á starfsárinu um eftirtalin 3 þingmál og lagafrumvörp sem liggja fyrir Alþingi Íslands eða eru í undirbúningi:

- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023-2027. 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 1351 - 860. mál. Stjórnartillaga.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023-2027. 153. löggjafarþing 2022/2023. Þingskjal 1329 – 857. mál. Stjórnartillaga.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2102 (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins). 153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 1535 – 987. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (geymsla og nýting fósturvísa og kynfrumna). 153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 1469 – 939. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.). 153. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1452 – 922. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um Mennta- og skólalþjónustustofu. 153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 1492 – 956. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við drög að tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027. Samráðsgátt stjórnvalda.
- Umsögn við áform um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum (húsnæðisöryggi og réttarstaða leigjenda).

- Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 (reglugerðarheimildir). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal x – x. mál.
- Umsögn við frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. 154. löggjafarþing 2023–2024. Þingskjal 241 – 238. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 243 – 240. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 244 – 241. mál. Stjórnartillaga.
- Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, og lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009 (heilbrigðisskrár). Sent í samráðsgátt stjórnvalda.
- Umsögn við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (fjarheilbrigðisþjónusta). Sent í samráðsgátt stjórnvalda.
- Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing vörslu neysluskammta). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 102 - 102. mál.
- Umsögn við drög að breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins). Mál nr. 106/2022.
- Umsögn við drög að tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027 (landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks).
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 (reglugerðarheimildir). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 550 – 497. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 416 - 402. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 65 - 65. mál.
- Umsögn vegna áforma um heildarendurskoðun á barnalögum mál nr. 239/2023.
- Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027. 154. löggjafarþing 2023/2024. Þingskjal 813 – 584. mál. Stjórnartillaga.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 og [lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 \(einföldun regluverks\)](#).
- Umsögn við við drög að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga mál nr. S-43/2024.

- Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 116 – 116. mál.
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um ókeypis fræðslu og þjálfun foreldra barna með ADHD. 154. Löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 67 - 67. mál.
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum. 154. Löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 115 - 115. mál.
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um áfengis- og vímuefnavarnir. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 30 - 30. mál.
- Umsögn við frumvarp til laga um sjúklingatryggingu. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1075 - 718. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (fjarheilbrigðisþjónusta). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1091 - 728. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna). 154. Löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 93 - 93. mál.
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um neyðargeðheilbrigðisteymi og fræðslu viðbragðsaðila. 154. Löggjafarþing 2023- 2024. Þingskjal 225 - 222. mál.

Í kjölfar umsagna tók félagið þátt í fjölmörgum fundum allsherjar- og menntamálanefndar og velferðarnefndar Alþingis.

Ályktanir og umsagnir um skýrslur og stefnumál

Stjórn FÍ leggur jafnframt áherslu á að skrifa umsagnir um reglugerðir, skýrslur og stefnumál á vegum ráðuneyta auk þess að setja fram yfirlýsingar, áskoranir eða ályktanir um álitamál. Oft á tíðum þarf að leita þekkingar út fyrir stjórn félagsins auk þess sem það er stefna stjórnar að virkja fleiri félagsráðgjafa á þessum fagpólítíska vettvangi. Leitar stjórn til fagdeilda ef málefnið snertir sérsvið þeirra og í sumum tilvikum eiga fagdeildir frumkvæði að umsögnum svo sem varðandi texta á island.is.

Á starfsárinu var rituð umsögn við drög að reglugerð, Grænbók og texta á island.is auk þess sem félagið setti fram áskoranir:

- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við drög að nýrri reglugerð um meðferð umsókna þriðjaríkisborgara um starfsleyfi og sérfræðileyfi skv. lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn.
- Umsögn við Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks mál nr. 232/2023.
- Umsögn vegna endurskoðunar texta á island.is – Að eldast (í samvinnu við fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu).
- Áskorun 17.10 þar sem átökin á Gaza svæðinu voru fordæmd og skorað á íslensk stjórnvöld að beita sér í þágu mannréttinda og friðar.
- Formaður skrifaði grein þar sem skorað var á stjórnvöld til að beita sér fyrir því að einstaklingar sem fengið hafa dvalarleyfi hér á landi vegna fjölskyldusameiningar komist frá Gaza sem birtist á visir.is 12.2.

Fundir með ráðherrum, fulltrúum ráðuneyta og stjórnendum í velferðarþjónustu

Formaður og varaformaður áttu góðan fund með félags- og vinnumálaráðherra um húsnæðismál, málefni fatlaðs fólks, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga ofl.

- Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með félags- og vinnumarkaðsráðherra og sérfræðingum ráðuneytisins 21.2, auk Nadíu Borisdóttur, f.h. fagdeildar í endurhæfingu og Þóru Kemp f.h. fagdeildar í félagsþjónustu. Fundurinn var að beiðni ráðuneytisins þar sem ráðherra kynnti endurskoðun á örorkulífeyriskerfinu.
- Formaður fundaði með sérfræðingum í Dómsmálaráðuneytinu 21.2 auk tveggja fulltrúa úr fagdeild í fjölmenninu, þeim Jódísi Bjarnadóttur og Jóhönnu Vilborgu Ingvadóttur þar sem rætt var um félagsráðgjöf á málavíði ráðuneytisins.

6. Erlent samstarf

NSSK (Nordisk sociometers samarbets kommité)

Félagsráðgjafafélag Íslands er aðili í NSSK, norrænum samtökum félagsráðgjafafélaga. Samtökin funda tvisvar á ári, að vori og haust, tvö ár í senn í sama landi en fundað var í Þórshöfn Færeyjum dagana 22. til 23. september 2022 þar sem fjallað var um græna félagsráðgjöf, menntun, mönnun og vinnuaðstæður auk heimsóknar til velferðarþjónustunnar í Færeyjum, Almannaverkið (www.av.fo). Noregur tók við formennsku samtakanna fyrir árin 2023-2024 og var fundað í Osló dagana 16. og 17. mars 2023 þar sem Rory Truell ritari Alþjóðasamtaka Félagsráðgjafa (IFSW) og Ana Radulesco varaformaður IFSW og formaður evrópudeildar IFSW mættu á staðinn og ræddu um alþjóðastarfið með áherslu á stuðning við ríki á átakasvæðum, þ.e. Úkraínu, Afganistan, Trykland og Sýrland. Þá var fundað rafrænt með Pia Tham prófessor við Háskólann í Gavle, Svíþjóð og Steinunni Hrafnadóttur prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ um stöðu rannsóknarverkefnis en NSSK samdi við rannsóknarteymi um framkvæmd rannsóknar á vinnuumhverfi félagsráðgjafa á Norðurlöndunum. Áætlað er að senda könnunina til félagsfólks haustið 2023.

IFSW (International Federation of Social Workers) og IFSW Europe

Félagsráðgjafafélag Íslands er meðlimur í IFSW og IFSW Europe en samtökin skipuleggja m.a. heimsráðstefnu félagsráðgjafa, Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa og alþjóðadag félagsráðgjafa sem fagnað er þriðja þriðjudag í mars ár hvert. Í tengslum við ráðstefnurnar eru haldnir fulltrúaráðsfundir með þátttöku aðildarfélaga. Formaður, stjórn og framkvæmdastjóri FÍ tóku þátt í Evrópuráðstefnu sem var haldin í Prag dagana 21. til 24. maí 2023 og jafnframt tók formaður þátt í fundi Evrópudeildar áður en ráðstefnan hófst.

Alþjóðaráðstefna félagsráðgjafa var haldin í Panama dagana 4. til 7. apríl 2024 en hún er skipulögð af IFSW, IASSW og ICSW. Formannafundur IFSW var haldin í tengslum við ráðstefnuna dagana 1. og 2. apríl þar sem boðið var upp á þátttöku á staðnum og zoom en formaður FÍ tók þátt í fundinum á zoom.

Alþjóðasamtökin og Evrópusamtökin hafa staðið fyrir fjölmörgum rafrænum fræðslufundum á tímabilinu 2023 til 2024.

Samstarf við samtök félagsráðgjafa í Suður Kóreu

Formaður FÍ tók þátt í 30 ára afmælisráðstefnu Korean Academy of Mental Health Social Work í Seoul Suður Kóreu þann 19. maí 2023. Yfirskrift ráðstefnunar var *Building a Vision for the*

Future of Mental Health Social Work in the New Era! og var formaður FÍ ein af fimm fyrirlesurum sem fjölluðu allir um geðheilbrigðisþjónustu, hlutverk og réttindi félagsráðgjafa til að bregðast við geðrænum áskorunum. Í erindi sínu ræddi formaður FÍ um þróun félagsráðgjafar hér á landi, norrænt samstarf, geðheilbrigðismál og hlutverk félagsráðgjafa.

7. Fræðsla og ráðstefnur **Félagsráðgjafafing 2024**

Félagsráðgjafafingið var á sínum stað 23. febrúar 2024 og sem fyrr í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins var *Félagsráðgjöf og farsæld í 60 ár* og var dagskráin fjölbreytt líkt og fyrri ár. Tókst þingið afar vel og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri eða alls 450. Hljómsveitin Eva hóf dagskránnu sem var sannarlega kærkomin hressing í morgunsárið. Formaður FÍ opnaði ráðstefnuna og því næst flutti forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson ávarp. Síðan var frumsýnd heimildamynd sem María Björk Ingvadóttir vann að fyrir FÍ um 60 ára sögu félagsins og félagsráðgjafar á Íslandi. Stjórn FÍ er þakklát fyrir góðar viðtökur gagnvart heimildarmyndinni og mun finna tækifæri til að kynna hana frekar. Að loknu hléi var rafrænn fyrirlestur Laura Nissen um félagsráðgjöf og framtíðir en hún átti því miður ekki heiman gengt frá USA en vonandi getum við fengið hana til okkur síðar til að fjalla meira um þetta efni. Þá tók við pallborð þar sem Dr. Guðný Björk Eydal, Halldór S. Guðmundsson, Rannveig Einarsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir ræddu framtíð félagsráðgjafar undir stjórn Guðmundar Gunnarssonar. Dagskrá fyrir hádegi lauk með tilkynningu formanns Vísindanefndar FÍ um styrkveitingar úr Vísindasjóði en alls voru veittir þrír styrkir.

Eftir hádegi tóku við 18 málstofur þar sem félagsráðgjafar fjölluðu um fjölbreytt verkefni á vettvangi auk rannsókna, sem endurspeglar þá grósku sem býr innan stéttarinnar. Dagurinn endaði með móttöku í boði félagsins og Vísindanefndar.

Almannatengslafyrirtæki sá um samskipti við fjölmiðla sem fyrr og voru tekin upp viðtöl við formann FÍ og nokkra sem voru með erindi á málstofum, sem voru birt á facebook síðu félagsins. Tvær málstofur náðu athygli fjölmiðla þar sem fjallað var um þær í Síðdegisútlarpinu Rás2. Stjórn FÍ ákvað að þátttakendur fengju gjafir í tilefni þingsins, nælu, hálsband og stílabók með merki félagsins.

Málþing

Málþing var haldið 23. nóvember 2023 á Grand hótél Reykjavík í samstarfi við fagdeild fjölmenningsráðgjafa. Yfirskrift málþingsins var Heimurinn er hér og fyrirlesarar voru:

- Hanan Jóna Salim stuðningsfulltrúi í Vatnsendaskóla - Í Öryggi og sjálfseflingu
- Auður Guðmundsdóttir lektor í félagsráðgjöf við HÍ – Birtingarmynd áfalla á tilfinningalega, líkamlega og félagslega hegðun einstaklinga sem og áhrif á fjölskyldur
- Miriam Petra Ómrasdóttir Awad inngildingarfulltrúi landskrifstofu Erasmuss+ - Fyrirlesur um inngildingu og æfing í inngildandi hugarfari
- Dr. Margrét Valdimarsdóttir dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands – Öryggi og líðan ungra innflytjenda á Norðurlöndunum: Reynsla af ofbeldi, upplifuð mismunun og sjálfsmýnd

- Eiríkur Bergmann prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst – Aukin andúð í garð flóttafólks: Ástand og horfur í málefnum fólks á ferð

Fundarstjóri var María Kristjánsdóttir félagsráðgjafi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Málþingið tókst afar vel og mættu 105 þátttakendur í sal og 73 hafa horft á streymi sem er enn aðgengilegt.

Félagsráðgjafafélag Íslands var aðili að Málþingi sem haldið var 29. nóvember í Veröld – húsi Vigdísar til heiðurs Guðrúnu Jónsdóttur vegna útgáfu ævi- og baráttusögu hennar: Ég verð aldrei ungrú meðfæring eftir Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur. Að málþinginu stóð Forlagið en auk FÍ komu að málþinginu Kvænnaframboðskonur, Stígamót, Kvænnaáðgjöfin og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Erindi fluttu: Katla Þórudóttir Njálisdóttir, Brynhildur Flóvenz, Hjördís Hjartardóttir, Guðrún Runólfsdóttir, Ólöf Júlíusdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Ingibjörg Hafstað, Berglind Guðmundsdóttir, Björg Guðrún Gísladóttir og Drífa Snædal. Höfundur bókarinnar las upp úr bókinni og Hulda Hrund og Ólöf Tara voru með gjörning fyrir hönd Öfga. Þá var þátttakendum boðið að koma með stutt innlegg og formaður FÍ sagði nokkur orð. Málþingið var vel sótt.

Morgunverðarfundir

Formaður FÍ tók þátt í morgunverðarfundum Velferðarvaktar og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis 9. október 2023 á hóteli Natura, um stöðu og aðstæður foreldra sem deila ekki lögheimili með barni. Ásdís Aðalbjörg Arnalds, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, kynnti helstu niðurstöður á rannsókn Velferðarvaktar á stöðu og aðstæðum foreldra sem deila ekki lögheimili með barni en rannsóknin var gerð að áeggjan formanns FÍ. Formaður FÍ fjallaði um hvernig regluverk hefur þróast samhliða breyttu fjölskyldumynstri í forföllum Dr. Guðnýjar Bjarkar Eydal og Brjánn Jónsson, formaður Foreldrajafréttis, kynnti sjónarmið félagsins. að lokum voru pallborðsumræður, meðal annars með þátttöku félags- og vinnumarkaðsráðherra og dómsmálaráðherra. Fundarstjóri var Siv Friðleifsdóttir formaður Velferðarvaktar.

Aðventufundur félagsins var 11. desember 2023 á Grand hóteli Reykjavíkur í tengslum við alþjóða mannréttindadaginn sem er 10. desember ár hvert. Fundurinn var haldinn í samvinnu við fagdeildir félagsráðgjafa í heilbrigðisþjónustu, yfirskrift fundarins var „Mannréttindi fyrir öll“. Ákveðið var að beina sjónum að málefnum fatlaðs fólks með geðrænar áskoranir og hvaða áhrif sú alvarlega staða sem er á húsnæðismálum hefur á þjónustu við þennan hóp. Fyrirlesarar voru Páll Matthíasson formaður Geðráðs, Gunnlaug Thorlacius fyrirfélagsráðgjafi á Landspítala háskólasjúkrahúsi, Íris Dögg Harðardóttir teymisstjóri Geðheilsuteymis HH Suður og Ísabella Björnsdóttir félagsráðgjafi í Stuðnings- og ráðgjafateymi Norðurmiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Alls voru 86 þátttakendur en ekki var boðið upp á fjarfund.

FÍ stóð fyrir morgunfundum 15. mars 2024 í tilefni af Alþjóðadegi félagsráðgjafar 2024 undir yfirskriftinni Græn félagsráðgjöf. Fyrirlesarar voru Hanne Glemmestad, prófessor við Félagsvísindadeild Hogskolen i Innlandet Noregi og Dr. Guðný Björk Eydal prófessor við Félagsráðgjafardeildar HÍ. Að loknum fyrirlestrum voru umræður. Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins þar sem mættu sjö þátttakendur og 10 tóku þátt á Teams.

Haldinn var morgunfundur í samstarfi við fagdeildir í endurhæfingu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu 10. apríl 2024 að Borgartúni 6 og á Teams til að ræða endurskoðun örorkulífeyriskerfisins. Á fundinum kynnti Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og

vinnumarkaðsráðherra helstu breytingar sem koma fram í frumvarpinu og svaraði fyrir spurnum. Síðan voru umræður um tækifæri og áskoranir sem felast í þessum breytingum. Alls mættu 35 þátttakendur á staðinn og 65 á Teams.

Málstofur, fundir, námskeið og ýmsir viðburðir

Þann 22. október 2023 stóð félagið að viðburði í tilefni af 150 ár voru frá fæðingu Ólafíu Jóhannsdóttur sem kölluð hefur verið „móðir Teresa norðursins“. Lágafellssókn og Kvenréttindasamband Íslands og Hvítabandið voru samstarfsaðilar. Dagskráin hófst tileinkaður– formaður og framkvæmdastjóri FÍ sóttu messu í Lágafellskirkju sem tileinkuð var Ólafíu Jóhannsdóttur og í kjölfarið lögðu formaður FÍ, Kvennréttindasambands Íslands og Hvítabandsins blómsveig við stytta hennar sem staðsett er á grunni æskuheimilis hennar að Mosfelli. Um 15-20 manns sem mættu.

Félagsráðgjafafélags Íslands stóð fyrir málstofu 23. október 2023 í Hátíðarsal HÍ í samstarfi við Félagráðgjafardeild HÍ og Tengslamat þar sem Andrea Landini fjallaði um tengslahegðun á grunni DMM tengslahegðunar módelisins. Þátttakendur voru um 20.

Félagsráðgjafafélag Íslands var með hliðarviðburð í tengslum við Kvennaverfall 24. október 2023 í fundarsal BHM að Borgartúni 6. Dr. Sigrún Júlíusdóttir prófessor emerita, Sveindís Anna Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri FÍ og Þorbjörg Guðmundsdóttir formaður Hvítabandsins fjölluðu um ævi Ólafíu Jóhannsdóttur í máli og myndum. Þátttakendur voru um 80.

Félagsráðgjafafélag Íslands fyrir rafrænu námskeiði 25. október 2023 í samstarfi við fagdeild skólafélagsráðgjafa þar sem Halldór S. Guðmundsson félagsráðgjafi fjallaði um mælitækið ASEBA og notkun þess í félagsráðgjöf. Námskeiðið tókst vel og voru 15 þátttakendur. Í kjölfarið var boðið upp á eftirfylgnifundi.

Síðanefnd FÍ stóð fyrir Vinnusmiðju 26. október 2023 fundarsal BHM Borgartúni 6 þar sem Sigrún Júlíusdóttir flutti áhugavert erindi og sköpuðust góðar umræður. Þátttakendur voru 10 að meðtöldu starfsfólki FÍ, Síðanefnd og fyrirlesara.

Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd var með fund 24. nóvember 2023 fundarsal bókasafns Kópavogs þar sem félagsráðgjafar í umdæmisráðum fjölluðu um hlutverk og starf ráðanna. Alls mættu 27 félagsráðgjafar á staðinn og þrír fylgdust með á Teams. Í lok fundarins var kosið í nýtt 5 manna fagráð.

Formaður mætti á samstöðufund í Háskólabíó 5. nóvember 2023 sem félagið Ísland-Palestína stóð að en krafist var tafarlausts vopnahlés á Gaza.

Formaður FÍ tók þátt í málþingi Velferðarvaktar 9. nóvember 2023 á hótél Natura. Yfirskrift fundarins var *Tjaldað til einnar nætur* þar sem fjallað var um alvarlega stöðu húsnæðismála sem bitnar mest á viðkæmum hópum. Formaður FÍ las upp nokkrar örsögur, sem félagsráðgjafar sendu fyrir Alþjóðadag félagsráðgjafar 2023 um alvarlega stöðu húsnæðismála. Fundarstjóri var Siv Friðleifsdóttir formaður Velferðarvaktar.

Formaður tók þátt í Barnþingi 17. nóvember 2023 í Hörpu þar sem börnin kynntu niðurstöður sínar og áttu í samtali við fullorðna. Forseti Íslands og forsætisráðherra voru með ávörp og sex ráðherrar tóku þátt í pallborðsumræðum.

Viðburðir í tengslum við 60 ára afmæli FÍ

Í tilefni af 60 ára afmæli FÍ 19. febrúar 2024 var félagið með boð á Hilton Reykjavík Nordica fyrir þau sem koma fram í heimildarmynd um 60 ára sögu félagsins og félagsráðgjafar þar sem myndin var forsýnd og boðið upp á léttar veitingar. Þátttakendur voru 25.

Félagsráðgjafafélag Íslands var með rafræna málstofu 19. febrúar 2024 þar sem Herman Mönnink fjallaði um leiðir til að takast á við sálrænt álag í starfi félagsráðgjafa. Þátttakendur voru 40.

Félagsráðgjafafélag Íslands og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands voru með rafræna málstofu 20. febrúar 2024 um tvær nýlegar rannsóknir um ójöfnuð á Íslandi. Kolbeinn H. Stefánsson fjallaði um rannsókn um félagslegt landslag á Stór-Reykjavíkursvæðinu og fátækt og áætlaðan samfélagslegan kostnað. Fundarstjóri var Halldór S. Guðmundsson.

Fulltrúum Félagsráðgjafafélags Íslands var boðið í móttöku á Bessastaði í tilefni af 60 ára afmæli félagsins, þar sem forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson tók á móti 80 félagsráðgjöfum sem hafa sinnt trúnaðarstörfum fyrir félagið á undanförunum árum. Meðal boðsgesta voru heiðursfélagar og fyrrum formenn FÍ.

Afmælisvikan endaði síðan með Félagsráðgjafapingi 2024 23. febrúar þar sem boðið var upp á tónlistaratriði og frumsýningu heimildarmyndar um 60 ára sögu félagsins og félagsráðgjafar auk annarrar dagskrár saman ber umfjöllun um þingið hér að ofan.

Samstarf við Endurmenntun HÍ

Endurmenntun býður félagsmönnum FÍ afslátt af tilteknum námskeiðum í samræmi við samstarfssamning FÍ og Endurmenntunar HÍ (EHÍ) frá 2. janúar 2020.

8. Tillögur og áætlanir um störf félagsins 2024-2025

Eins og skýrsla stjórnar gefur til kynna hefur Félagsráðgjafafélag Íslands staðið fyrir mörgum verkefnum á liðnu ári og eru mörg verkefni viðvarandi og verður fram haldið á komandi starfsári, svo sem vinnu við kjarasamninga og eftirfylgni þeirra auk þess að efla faglega ímynd félagsráðgjafar.

Félagsráðgjafaping er orðið fastur liður í dagskrá félagsins og hefst undirbúningur fyrir þing ársins 2025 strax á vormánuðum 2024. Nefndir og deildir sem starfa innan Félagsráðgjafafélags Íslands gegna lykilhlutverki í faglegu starfi félagsins og verður lögð áhersla á að efla störf þeirra. Í ljósi þess að félagið fagnar 60 ára afmæli á árinu 2024 er áætlað að halda stefnumótunarþing til að fá fram sjónarmið félagsfólks um starfsemi félagsins til framtíðar.

Sem fyrr munu kjaramálin taka mikið rými á starfsárinu þar sem kjarasamningar voru lausir 31. mars sl. Þá þarf að halda áfram með vinnu á grundvelli bókana vegna álags í starfi félagsráðgjafa og er þróun Málavogar í félagsþjónustu liður í því. Einnig þarf að endurskoða samkomulag um áfanga að sérfræðileyfi auk þess sem vinna við stofnanasamninga og starfsmat er viðvarandi verkefni. Lögð verður áhersla á að halda áfram mánaðarlegum rafrænum fundum með trúnaðarmönnum sem er liður í að halda tengslum við félagsráðgjafa á vettvangi auk vinnustaðaheimsókna.

Félagið flutti í leiguhúsnæði ásamt níu öðrum stéttarfélagum sem hafa komið sér vel fyrir en leigusamningur gildir til júlí 2025. BHM og VISKA sem er stærsta stéttarfélagið innan BHM eru í sama húsi með leigusamning til fimm ára. Áfram þarf að skoða framtíðarhúsnæði og huga að innra starfi félagsins. Lögð verður áhersla á að birta fréttir úr starfi félagsins og viðburði á vefsíðu þess auk þess að birta efni á samskiptamiðlum. Áfram verður lögð áhersla á að efla starfsemi fagdeilda og landshlutadeilda auk þess að heimsækja félagsráðgjafa á fjölmennum vinnustöðum.

Vinna þarf áfram með ímynd félagsráðgjafar, vinnuumhverfi og vinnuálag. Leita þarf eftir áframhaldandi umræðu meðal félagsmanna um hlutverk siðanefndar og leiða til að efla málsvarahlutverk félagsráðgjafa og verður leitað til aðgerðahóps félagsins í þeirri vinnu. Haldið verður áfram að skipuleggja vinnustaðafundi með félagsfólki þar sem starfa fimm eða fleiri. Áfram verður áhersla á að taka virkan þátt í starfsemi Bandalags háskólamanna (BHM) svo sem á formannaráðsfundum, fulltrúaráðsfundum og setu í margvíslegum nefndum á vegum þess. Auk samstarfs vegna kjarasamninga 2024 og eftirfylgni vegna þeirra.

Félagið mun fylgjast áfram með lagafrumvörpum, þingsályktunum og öðrum aðgerðum stjórnvalda sem snerta félagsráðgjöf, auk þess að fylgjast áfram með innleiðingu nýrra laga um farsæld barna. Einnig verður óskað eftir fundum með yfirmönnum í velferðarþjónustu og ráðherrum sem koma að málavæðingum félagsráðgjafar. Halda þarf áfram samtali við VIRK vegna þjónustu sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa sem sinna meðferð og við Heilbrigðisráðuneytið vegna niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands á samtalsmeðferð félagsráðgjafa.

Þátttaka félagsins í norrænu samstarfi NSSK heldur áfram og í starfi Evrópusamtaka félagsráðgjafa (IFSW Europe) og Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW). Fundað er tvisvar á ári í norræna samstarfinu auk árlegra funda með Evrópusamtökunum en áformað er að þeir fundir verði staðfundir á starfsárinu.

Að endingu er félagsfólki bent á að það er velkomið að koma hugmyndum á framfæri við stjórn félagsins sem tekur þær til umfjöllunar á fundum sínum.

f.h. stjórnar Félagaráðgjafafélags Íslands
10. apríl 2024
Steinunn Bergmann
formaður